

Fimmtudaginn 20. febrúar 1992.

Nr. 2/1990.

**Menntamálaráðherra og  
fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs**  
(Hjörleifur Kvaran hdl.)

**og**  
**hreppsnefnd Ölfushrepps vegna  
sveitarsjóðs**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

**Ragnari Waage Pálmasyni**

(Gunnar Eydal hdl.)

og gagnsök.

Skaðabótamál. Örorkubætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Pétur Kr. Hafstein og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendurnir menntamálaráðherra og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs áfrýjuðu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. janúar 1990. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum hans og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Aðaláfrýjandinn hreppsnefnd Ölfushrepps vegna sveitarsjóðs áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1990 og krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara sakarskiptingar, lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 8. sama mánaðar og gerir þær dómkröfur, „að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér kr. 2.209.200,- með 24% ársvöxtum frá 11. mars 1985 til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim

degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1987, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1987, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí 1987, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1987, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1987, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1988, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní 1988, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 21. ágúst 1988, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október 1988“. Frá þeim degi til greiðsludags er krafist dráttarvaxta, sbr. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnar- og gjafsóknarmál, en 9. janúar 1992 var honum veitt bæði gjafvörn og gjafsókn í málinu fyrir Hæstarétti.

## I.

Er slys það varð, sem mál þetta fjallar um, hafði Grunnskólinn í Þorlákshöfn afnot af húsnæði til smíðakennslu fyrir nemendur skólans í félagsheimili Þorlákshafnar. Fyrir Hæstarétt var lögð grunnmynd af þessu húsnæði, gerð eftir minni 12. febrúar sl. af handavinnukennara skólans á umræddum tíma. Samkvæmt henni skiptist húsnæðið í vélaherbergi, smíðaherbergi, þar sem hefilbekkjum var komið fyrir, málningarklefa og efnisgeymslu. Að utan var fyrst gengið inn í vélaherbergið, en gegnt inngöngudyrum þess voru dyr inn í smíðaherbergið. Hægra megin gangvegur frá dyrum inn í vélaherbergið að dyrum inn í smíðaherbergið voru málningarklefinn og efnisgeymslan, en vinstra megin gangvegarins, þegar inn var gengið, var komið fyrir í vélaherberginu þrem trésmíðavélum: hjólsög, bandsög og þykktarhefli, sem var á hjólum og því færanlegur. Gangvegur þessi virðist hafa verið um það bil einn og hálfur metri á breidd. Í vélaherberginu við vegg milli þess og smíðaherbergis stóð hefilbekkur, og yfir honum var op í vegginn. Salerni

og handlaug fyrir nemendur var utan þessa húsnæðis, og þurfti að fara gegnum vélaherbergið til að komast í þann hluta hússins. Smíðaherbergið var vinnuvæði nemenda, en þeim var einnig ætlaður aðgangur að málningarklefa og efnisgeymslu. Smíðakennarinn notaði einn trésmíðavélarnar og virðist hafa unnið og undirbúið í þeim efni, sem nemendum var ætlað að smíða úr við hefilbekkina í smíðaherberginu.

Samkvæmt því, sem fram kemur í lögregluskýrslu og aðilaskýrslu gagnáfrýjanda á bæjarþingi Reykjavíkur, var hann í smíðatíma, er slysið varð. Kveðst hann hafa verið nýkominn inn í húsið og verið búinn að dveljast í smíðaherberginu í tvær til þrjár mínútur, er hann gekk fram í vélaherbergið, þar sem vélhefillinn var í gangi, en smíðakennarinn hafi vikið sér þrjá metra frá til að aðstoða nemanda. Gagnáfrýjandi kveðst hafa tekið spýtukubb upp af gólfinu, er verið hafi 16-17 cm á lengd og 4-5 cm á breidd, og brugðið honum með vinstri hendi á hefilvalsinn. Hafi hann þegar misst kubbinn úr hendi sér og hann kastast burt af hefilvalsinum. Við það hafi sér brugðið og höndin lent í valsinum. Gagnáfrýjandi kveðst hafa gert þetta í hugsunarleysi og enga grein gert sér fyrir þeirri hættu, sem hann stofnaði sér í með þessu tiltæki. Hann hafi vitað, að hlíf vantaði á vélhefillinn, en ekki gert sér grein fyrir nauðsyn hennar. Hins vegar hafi hann kunnað skil á notagildi tækisins, en kvað nemendur eigi hafa verið frædda um hættueiginleika þess. Hann kveður nemendum hafa verið bönnuð öll not trésmíðavélanna, og sér hafi verið um það bann kunnugt.

Sigurður Sólmundarson húsgagnasmíðameistari var smíðakennari í Grunnskóla Þorlákshafnar á umræddum tíma. Hann var yfirheyrður af lögreglu á öðrum degi eftir slysið og gaf jafnframt ýtarlega skýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur. Hann kveðst hafa verið að vinna við vélhefillinn, rétt áður en slysið varð. Einhver nemendanna hafi kallað í sig, og hafi hann snúið sér við til að sinna því án þess að víkja frá vélheflinum, en hann fari aldrei frá vél, sem er í gangi. Eftir vitninu var m.a. bókað: „Ég var kannski með 16 krakka allt í kringum mig. Krakkar verða að fara þarna í kringum vélarnar til þess að komast á ýmis svæði, sem þau hafa heimild til að vera á, og það er alltaf verið að kalla eitthvað.“ Vitnið kveðst hafa byrjað smíðakennslu við skólann í upphafi kennsluárs og þá þegar

séð, að hlíf vantaði á vélhefilinn. Hann kveðst ekki muna, hvort hann lét skólastjórann vita af því. Hann fullyrðir, að eigi hefði verið hægt að koma að valsi hefilsins spýtu á stærð við þá, sem gagnáfrýjandi hafði í hendi, ef öryggishlíf hefði verið á vélinni. Er vitnið var innt eftir aðstæðum í vélaherberginu, kvað hann þar hafa verið allt of þröngt, og hafi hann með tilliti til vélanna haft áhyggjur af þrengslunum. Hann kveðst hafa lagt algjört bann við því, að nemendur kæmu nálægt vélunum, og gert þeim það rækilega ljóst. Því banni hafi undanbragðalaust verið hlýtt, þar til umrætt slys varð. Vitnið kveðst líta svo á, að það hafi verið sitt hlutverk að hafa umsjón með trésmíðavélunum.

Bjarni Eiríkur Sigurðsson, skólastjóri Grunnskóla Þorlákshafnar á umræddum tíma, greinir svo frá í skýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur, að trésmíðavélarnar hafi verið hjálpartæki smíðakennarans og nemendum bönnuð öll afnot þeirra. Hann kveður smíðakennarann hafa tilkynnt sér, að öryggishlíf vélhefilsins hefði brotnað. Þetta hafi gerst, rétt áður en slysið varð, en hann muni ekki nákvæmlega, hvenær. Hafi hann beðið kennarann að koma hlífinni í viðgerð og hann lofað að gera það strax. Eigi hafi verið haft samband við skólanefndina um þetta. Samkomulag hafi verið milli sín og smíðakennarans, að hann ynni við vélhefilinn, þótt öryggishlífin vantaði. Hún hafi enn verið í viðgerð, er slysið varð. Skólastjórinn kvað smíðakennarann og sig tvímælaust hafa haft á hendi umsjón með búnaði og tækjum í umræddu kennsluhúsnæði.

## II.

Vinnueftirliti ríkisins var tilkynnt um slysið. Í bréfi þess til lögmanns gagnáfrýjanda 26. nóvember 1986 segir á þessa leið:

„...Hlífin yfir afréttaravalsinum var brotin af, er slysið varð. Gert var við hana og hún sett á strax eftir slysið. Vélin er staðsett við gangveg nemendanna inni í smíðastofunni á óheppilegum stað. Vélin var ekki lykillæst. ... Krafa var gerð um, að komið væri upp skilti um, að nemendum væri bannað að vinna á hættulegum vélum, stúka skyldi svæðið af, þar sem unnið er í trésmíðavélum, og hafa alltaf tilskildar öryggishlífar á þeim...“

Í bréfi Vinnueftirlits ríkisins til lögmanns gagnáfrýjanda 21. des-

ember 1987 eru upplýsingar um öryggishlífar á vélhefla. Þar segir á þessa leið:

„...Til eru þrenns konar hlífar:

Nr. 1. Þær, sem eru yfir öllu eggjárninu og ýtast frá af efninu, sem heflað er og skella svo sjálfkrafa yfir eggjárnið þegar efnið er komið yfir eggjárnsvalsinn.

Nr. 2. Hlífar, sem eru yfir öllum eggjárnsvalsinum og er lyft upp og af efninu, sem á að hefla, er stungið undir hlífina, og síðan fellur hlífin niður, þegar efnið er komið fram hjá eggjárnsvalsinum, en ef efnið er þykkt, sem hefla á, er hlífin aðeins höfð yfir eggjárninu, sem ekki er verið að nota.

Nr. 3. Beltahlífar, sem hlífa þeim hluta eggvalsins, sem ekki er verið að nota.

Engin þessara hlífa tryggir fullkomlega, að ekki sé hægt að slasa sig á afréttara, en þær minnka verulega hættuna á því, að menn slasi sig á eggjárninu.

Hægt er að setja trékubb undan snúningi hnífavalsins, þar sem hlíf nr. 2 og 3 eru á vélum, en við hlíf nr. 1 er það líka hægt með því að ýta henni frá valsinum, áður en kubburinn er settur að valsinum. Vinnueftirlitið viðurkennir allar þessar hlífar. Á afréttar-  
anum, sem slysinu olli í Þorlákshöfn, var beltahlíf.“

### III.

Kosta ber kapps um, að ýtrasta öryggis sé gætt í skólum til verndar nemendum gegn slysa-hættu. Sérstaklega rík er nauðsyn þess, að allar tiltækar varúðarráðstafanir séu gerðar, þegar hættulegum vélum er komið fyrir í kennsluhúsnæði, þar sem nemendum er ætlað að eiga leið um, og þær eru í notkun, meðan á kennslu stendur. Ljóst er, að verulega skorti á, að viðhlítandi öryggi væri tryggt í þessu efni við smíðakennslu í Grunnskóla Þorlákshafnar. Óverjandi var að hafa þar í notkun hættulega trésmíðavél án öryggishlífar, eins og aðstæðum var háttað. Sjá mátti fyrir hættu á því, að nemendur gætu farið sér að voða í henni. Þótt smíðakennar-  
anum væri einum ætluð notkun vélanna og afskipti nemenda af þeim bönnuð, tengdist notkun þeirra svo smíðanámi nemenda, að hætta gat verið á, að þær freistuðu þeirra til fikts, svo sem raun varð á í umræddu tilviki. Þótt bann væri út af fyrir sig góðra gjalda vert, mátti ekki láta við það eitt sitja, eins og hér stóð á. Úr því

að svo vanbúin trésmíðavél var höfð til notkunar í kennsluhúsnæði, var áriðandi, að trésmíðakennarinn hvorki yfirtæfi hana né liti af henni, meðan hún var í gangi. Nauðsynlegt var að kynna nemendum og brýna rækilega fyrir þeim hættueiginleika hversrar trésmíðavélar fyrir sig, en það virðist hafa farist fyrir. Samkvæmt þessu verður slysið að nokkru rakið til atvika, sem valda bótaábyrgð að lögum.

## IV.

Fallast ber á röksemdir héraðsdómara fyrir óskiptri fébótaábyrgð aðaláfrýjenda á tjóni gagnáfrýjanda af völdum slyssins að því leyti, sem það telst bótaskyld.

## V.

Gagnáfrýjandi er fæddur 31. júlí 1969 og var því kominn langt á 16. aldursár, er hann varð fyrir umræddu slysi. Hann hafði í grunnskólanámi sínu um árabíl notið kennslu í smíðum. Honum hafði ásamt öðrum nemendum verið bönnuð meðferð trésmíðavéla þeirra, sem voru í húsnæði skólans. Honum átti því að vera í stórum dráttum ljós slyshætta, sem af þeim gat stafað. Gagnáfrýjandi sýndi mikið gáleysi, er hann sætti lagi, þegar smíðakennarinn gerði hlé á vinnu við vélhefilinn til að sinna öðrum nemanda, og rak spýtukubb í óvarinn vals hefilsins. Þetta tiltæki gagnáfrýjanda var bersýnilega stórhættulegt, og gat ekki hjá því farið, að hann gerði sér grein fyrir því vegna aldurs og reynslu. Þykir eftir atvikum mega fallast á mat héraðsdómara á sök hans. Samkvæmt því verður aðaláfrýjendum gerð óskipt fébótaábyrgð að 2/5 á tjóni gagnáfrýjanda af völdum slyssins.

## VI.

Meiðslum gagnáfrýjanda og afleiðingum þeirra er lýst í örorkumati Björns Önundarsonar lækni 4. júní 1986. Þar segir meðal annars:

„... hefur slasaði nú misst nálega tvær kjúkur framan af vísifingri vinstri handar og einnig tvær kjúkur framan af löngutöng vinstri handar, en auk þess lítið eitt úr „gómfyllu“ baugfingurs handarinnar. Mikil eymsli fylgja ef slasaði rekur fingurstúfana í eitthvað. Mikill kuldi sækir á höndina og veldur slasaða verulegum óþægindum. Þá er gripið á millum þumalfingurs annars vegar og fingurstúfanna

hins vegar kraftlítið og ónákvæmt og nýttist slasaða illa við finvinnu. ... Ekki eru nú líkur á, að frekar rætist úr en orðið er.“

Samkvæmt örorkumatinu var gagnáfrýjandi talinn vera alveg óvinnufær í næstu þrjá mánuði eftir slysið, vinnufær að hálfu í þrjá mánuði eftir það og með 15% skerta starfsorku til frambúðar.

## VII.

Gagnáfrýjandi greinir svo frá í aðilaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur 7. nóvember 1988, að hann hafi unnið í frystihúsi sumarið eftir slysið og hafið störf um miðjan júlí, en stundað sjómennsku samfleytt eftir það. Hann kveðst í fyrstu hafa verið háseti á neta-báti, en síðan á frystitogara.

Í héraðsdómi er getið örorkuútreiknings Jóns Erlings Þorlákssonar 20. október 1988, en á honum er byggð endanleg krafa gagnáfrýjanda til örorkubóta. Í forsendum hans er miðað við 15 vikna vinnu gagnáfrýjanda á unglingataxta Dagsbrúnar árið, sem hann slasaðist. Frá og með 26. aldursári er miðað við meðaltekjur iðnaðarmanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Getur tryggingastærðfræðingurinn þess, að þær tekjur séu samkvæmt reynslu sem næst meðaltal af atvinnutekjum verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna, sem í október 1988 teljist vera 1.212.600 krónur á ári.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekjutap vegna slyssins svari á hverjum tíma til metinnar örorku, reiknast höfuðstóll örorkutjóns nema 29.800 krónum vegna tímabundinnar örorku og 1.679.400 krónum vegna varanlegrar örorku, samtals 1.709.200 krónum.

Við útreikning þennan eru fram að útreikningsdegi notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsreikningum í Landsbanka Íslands, en eftir útreikningsdag 6% vextir og vaxtavextir. Byggt er á reynslu frá tímabilinu 1976 til 1980 um dánarlíkur, en á reynslu Svía um líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi.

Engin gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt um atvinnutekjur gagnáfrýjanda á þeim sjö árum, sem liðin eru frá slysinu.

## VIII.

Gagnáfrýjandi sundurliðar þannig fjárhæð bótakröfu sinnar:

1. Atvinnutjón .....	kr.	29.800
2. Örorkutjón .....	—	1.679.400
3. Miski .....	—	500.000
		<hr/>
	kr.	2.209.200

Um 1. Þessi kröfuliður þykir eftir atvikum eiga fullan rétt á sér og verður tekinn til greina óskertur.

Um 2. Sýnt er, að örkuml gagnáfrýjanda eftir slysið eru fallin til að torvelda honum ýmis störf. Við mat á tjóni fyrir varanlega örorku verður byggt á örorkumati því, sem fyrir liggur og eigi hefur verið hnekkt, svo og á framangreindum örorkuútreikningi. Jafnframt ber að taka tillit til þess, að örorkubætur eru undanþegnar tekjuskatti og útsvari, svo og hafa hliðsjón af hagræði af eingreiðslu slíkra bóta.

Um 3. Við mat á tjóni samkvæmt þessum lið ber meðal annars að taka tillit til lýta, sem gagnáfrýjandi ber eftir slysið. Þá ber og að hafa hliðsjón af því, að vaxtatímabil er tæp sjö ár, en ætla verður, að í vöxtum á þessu tímabili öllu sé verðbótaþáttur, en tjónið er metið eftir verðlagsforsendum, eins og þær eru nú.

Með vísan til þess, sem að framan segir, telst tjón gagnáfrýjanda af völdum slyssins hæfilega metið þannig:

1. Atvinnutjón .....	kr.	29.800
2. Örorkutjón .....	—	1.679.400
Frá dragast 25% vegna skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu bóta .....	—	419.850
		<hr/>
	kr.	1.289.350
3. Miski .....	—	80.000
		<hr/>
	kr.	1.369.350
Frá dregst vegna eigin sakar 3/5 .....	—	821.610
		<hr/>
	Kr.	547.740

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir váttryggingabótum, er gagnáfrýjandi fékk frá Brunabótafélagi Íslands úr slysatryggingu. Hvorki var þess krafist af hálfu sveitarsjóðs Ölfushrepps í héraði né í kröfugerð í greinargerð hans fyrir Hæstarétti, að váttryggingabætur þessar kæmu til frádráttar dæmdum bótum. Við svo búið og með vísan

til 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands brestur lagaskilyrði til þess, að tekið sé tillit til þeirra við ákvörðun bóta til gagnáfrýjanda.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda óskipt 547.740 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Málskostnaður og málflutningslaun skipaðra talsmanna gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti ákveðast eins og í dómsorði segir. Ekki er tekið tillit til virðisaukaskatts. Af hálfu gagnáfrýjanda er ekki krafist greiðslu á útlögðum kostnaði af gagnaöflun og rekstri málsins, og engra gagna nýtur í málinu um slíkan kostnað. Kemur hann því ekki til álita.

Munnlegur málflutningur í héraði fór fram 7. nóvember 1988. Hinn 14. desember sama ár var kveðinn upp úrskurður með vísan til 120. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Var aðilum gefinn kostur á að afla skýrslna um tiltekið atriði. Hinn 25. janúar 1989 var málið tekið fyrir, og hafði nú tekið við málinu dómari sá, er kvað upp dóm í því. Nokkur skjöl voru lögð fram í þessu þinghaldi, en síðan var gagnaöflun lýst lokið að nýju og málinu frestað til aðalflutnings 13. mars sama ár. Eigi verður séð, að málið hafi verið tekið fyrir þann dag. Hinn 6. apríl sama ár var málið enn tekið fyrir, gögn lögð fram og málinu frestað til aðalflutnings 22. maí sama ár. Þann dag fór fram munnlegur málflutningur öðru sinni, og var málið tekið til dóms. Hinn 9. október sama ár var málið endurupptekið og „endurflutt eins og efni standa til og lög gera ráð fyrir, lagt í dóm og dómtekið og að svo búnu kveðinn upp ... dómur ...“ Átelja ber þessa málsmeðferð.

#### D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs og hreppsnefnd Ölfushrepps vegna sveitar-sjóðs, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Ragnari Waage Pálmasyni, 547.740 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: 24% frá 11. mars 1985 til 11. maí s.á., 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% frá þeim degi til 1. maí s.á., 12% frá þeim degi til 21. júní

s.á., 13% frá þeim degi til 11. júlí s.á., 15% frá þeim degi til 21. september s.á., 17% frá þeim degi til 11. október s.á., 19% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 20% frá þeim degi til 1. desember s.á., 22% frá þeim degi til 21. janúar 1988, 20% frá þeim degi til 1. mars s.á., 19% frá þeim degi til 11. júní s.á., 23% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 24% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 26% frá þeim degi til 21. ágúst s.á., 22% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 20. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. október 1989.

Aðaláfrýjandi hreppsnefnd Ölfushrepps vegna sveitarsjóðs greiði samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er renni til ríkissjóðs. Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, og skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Gunnars Eydal héraðsdómslögmanns, 200.000 krónur til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

#### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. október 1989.**

Ár 1989, mánudaginn 9. október, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 1238/1988: Ragnar Waage Pálmason gegn menntamálaráðherra f.h. menntamálaráðuneytis, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og hreppsnefnd Ölfushrepps f.h. sveitarsjóðs og Brunabótafélagi Íslands til réttargæslu.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Ragnar Waage Pálmason sjómaður, Lyngbergi 1, Þorlákshöfn, höfðað fyrir dóminum á hendur ofangreindum varnaraðilum til greiðslu skaðabóta og miskabóta auk vaxta og málskostnaðar vegna slyss, sem hann varð fyrir 11. mars 1985 í kennslustund í handavinnu í grunnskóla Þorlákshafnar, þar sem hann stundaði þá skyldunám, 15 ára aða aldri, fæddur 31. júlí 1969. Slysið varð með þeim hætti, að stefnandi stakk í óleyfi spýtukubbi í vélhefil og brá honum á hefiltönnina með þeim afleiðingum, að tvær kjúkur tók framan af löngutöng hans og vísifingri vinstri handar og sneiddist af „gómfyllu“ baugfingurs vinstri handar. Stefnandi var fluttur til læknis og á sjúkrahús, þar sem gert

var að sárum hans. Slysið var tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins, og við skoðun þess kom í ljós, að beltahlíf vélarinnar var í viðgerð, þegar slysið varð. Handavinnukennarinn hafði verið að vinna við vélina, en brugðið sér frá eða snúið sér frá til að sinna öðrum nemanda, þegar stefnandi sá sér leik á borði að „fara í vélina“.

Stefnandi krefst þess, að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða sér að óskiptu 3.500.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Brunabótafélagi Íslands, Laugavegi 103, Reykjavík, er stefnt til réttargæslu sem ábyrgðartryggjanda Ölfushrepps vegna Grunnskóla Þorlákshafnar. Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar, og af hans hálfu eru ekki heldur gerðar kröfur í málinu.

Stefndu krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Hinir stefndu ráðherrar krefjast þess til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður. Af hálfu sveitarsjóðs Ölfushrepps er þess krafist til vara, að sök verði skipt, stefnukröfur stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefnandi telur, að stefndu beri fébótaábyrgð að óskiptu á tjóni sínu. Kröfur á hendur sveitarsjóði eru studdar því, að sveitarfélagið hafi verið rekstraradili skólans og borið ábyrgð á kennsluádstöðunni og viðhaldi húsa, véla og tækja, sbr. m. a. 5. mgr. 19. gr. og 28. gr. grunnskólalaga nr. 63/1974. Jafnframt telur stefnandi ríkissjóð bera húsbóndaábyrgð á hugsanlegri sök kennarans og vanrækttri eftirlitsskyldu skólastjórans, sbr. m. a. 28. gr. laga 63/1974. Stefnandi telur, að aðstæður og útbúnaður vélarinnar hafi verið óhæfilegur; þannig hafi vantað á hana öryggishlíf og viðvörunarskilti við hana. Hann telur hafa skort á lögboðið viðhald af hálfu sveitarfélagsins og eftirlit og úrbætur af hálfu skólastjóra og kennara, en að tiltölulega auðvelt og ódýrt hefði verið að gera við vélina og gera hana hættulausa.

Sýknukrafa sveitarsjóðs Ölfushrepps er þeim rökum studd, að slysið hafi ekki orðið af neinum þeim atvikum, er sveitarsjóður beri skaðabótaábyrgð á, heldur af stórfelldu gáleysi stefnanda sjálfs auk vanrækslu skólastjóra og kennara grunnskólans á gæsluskyldu á smíðabúnaði skólans og ófullnægjandi eftirliti með nemendum í kennslustund, sem sveitarsjóður beri enga ábyrgð á. Er á það bent af hálfu sveitarfélagsins, að stefnandi hafi verið kominn á þann þroskaaldur, að honum hefði mátt vera augljós háskinn af því að bregða kubbi á hefiltönnina. Með þessu atferli, sem stefnandi hafi viðurkennt, telur sveitarstjórnin hann jafnframt hafa brotið gegn banni við því að „fara í hefilinn“. Af þessum ástæðum telur sveitarstjórnin bersýnilegt, að stefnandi beri sjálfur sök á slysinu. Þá beri að gæta þess, að vélhefillinn hafi, sem önnur kennslutæki, verið í vörslum og undir umsjón

skólustjóra og kennara skólans og að hvorki skólanefnd hreppsins né hreppsnefnd hafi verið kunnugt um, að hlífin hefði brotnað af, fyrr en eftir slysið. Því geti ekki verið til að dreifa saknæmri vanrækslu þessara yfirvalda á viðhaldsskyldu. Þá hafi Ölfushreppur hvorki umsjón með gæslu á nemendum, staðsetningu véla né öðru fyrirkomulagi í kennsluhúsnæði skólans, heldur skólustjóri og kennarar, en á þessum starfsmönnum, sem séu ríkisstarfsmenn, beri meðstefndu vinnuveitendaábyrgð, en ekki stefndi Ölfushreppur. Verði því ekki séð, að stefndi Ölfushreppur geti borið ábyrgð á slysinu skv. almennu skaðabótareglunni og reglunni um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmu atferli starfsmanna sinna, svo sem stefnandi heldur fram. Sveitarstjórnin lítur á 19. og 28. gr. grunnskólalaga, sem stefnandi byggir á öðrum þræði, einungis sem framkvæmdareglur á sviði stjórnsýslu, sem bótaskylda verði ekki á reist. Hún telur bótaábyrgð ekki verða lagða á sveitarstjórn fyrir það eitt, að hreppurinn sé rekstraraðili skólans, enda hvíli engin sérstök rekstrarleg bótaábyrgð að lögum á starfsemi skóla eða annarra fræðslustofnana. Því sé ekki við hreppinn að fást um slysið.

Verði ekki fallist á ofangreind rök, er varakrafa reist á því, að stefnandi og starfsmenn meðstefndu eigi höfuðsök á slysinu, og verði hreppnum því aldrei gert að bæta slysið nema að litlum hluta.

Af hálfu ríkisvaldsins er aðallega byggt á því, að stefnandi eigi alla sök á tjóni sínu sjálfur, þar sem hann hafi farið að fást við vélina vitandi um, hversu hættulegt það var, og gegn ströngu banni kennarans. Með þessu hafi hann brotið gegn ákvæði 1. mgr. 54. gr. laga 63/1974. Því er haldið fram af hálfu ríkisvaldsins, að kennarinn hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. Einkum verði það ekki lagt honum til lasts, að hann sneri baki við vélinni örstutta stund, enda hafi hann ekki átt neins ills von, háttsemi stefnanda hafi hvorki verið sennileg né fyrirsjáanleg. Því er haldið fram, að þótt öryggishlíf hefði verið á vélinni, hefði það ekki útilokað slysið, en verði svo litið á, að tjón stefnanda megi að einhverju leyti rekja til skorts á umbúnaði við vélina eða rangrar staðsetningar hennar í skólastofunni, þá séu þau atvik á ábyrgð sveitarfélagsins. Skólanefnd, kjörinni af sveitarstjórn, beri skv. 5. mgr. 19. gr. laga 63/1974, sbr. rglg. nr. 345/1978 og erindisbréf fyrir skólanefndir grunnskóla nr. 185/1976, að líta eftir því, að skólinn sé búinn nauðsynlegum kennslutækjum, og að sjá um í samráði við skólustjóra, að lögboðnum kröfum til þeirra sé fullnægt, og hún beri ábyrgð á viðhaldi þeirra. Verði talið, að tjón stefnanda megi rekja til þess, að hlíf vélarinnar hafði brotnað af, er því haldið fram, að viðhaldsskortur sé á ábyrgð sveitarfélagsins, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 63/1974, sbr. 6. gr. laga 94/1975. Í rökstuðningi fyrir varakröfu ríkisvaldsins er því haldið fram, að lækka beri bætur vegna eigin sakar stefnanda.

Við aðalflutning var bent á það af hálfu ríkisvaldsins, að skólustjóri eigi

rétt til setu á fundum skólanefndar og þiggi laun fyrir úr sveitarsjóði. Er því haldið fram, að umsjón með kennslutækjum heyrir undir þann þátt í starfi skólastjóra, sem hann gegni ásamt skólanefnd og gegn greiðslu úr sveitarsjóði, svo að hugsanleg mistök hans í því sambandi séu þá á ábyrgð sveitarsjóðs, en ekki ríkissjóðs. Þá var bent á það af hálfu hinna stefndu við aðalflutning málsins, að samkvæmt álit Vinnueftirlits ríkisins gæti öryggishlíf ekki tryggt fullkomlega, að ekki væri hægt að slasa sig á tækinu, þótt þær minnkuðu verulega líkurnar á slysi.

Stefnandi hefur gefið aðilaskýrslu fyrir dóminum, og fram hafa farið ýtarlegar vitnaleiðslur. Af þessum gögnum, framlögðum skjölum og öðru því, sem fram hefur komið af hálfu aðila, þykir mega draga eftirfarandi ályktanir um orsakir slyssins og ábyrgð á því: Meginorsök slyssins verður rakin til stórkostlegs gáleysis stefnanda sjálfs. Hann fór að fást við vélina án nokkurs skynsamlegs tilgangs og án þess að kunna á hana í brýnu banni kennarans, sbr. 54. gr. 1. 63/1974, og hlaut áverka sína af því, að hann beitti rangri og stórhættulegri aðferð. Að öðru leyti þykir mega rekja orsakir slyssins til þess, að vélin, sem var stórhættuleg öðrum en kunnáttumönnum, var án öryggishlífar og í gangvegi nemendanna, svo að þeir gátu hindrunarlaust komist að henni, svo og þess, að kennarinn, sem var að vinna við vélina, leit af henni og fór að sinna öðrum nemanda án þess að stöðva hana. Öll þessi atvik teljast óforsvaranleg.

Ríki og sveitarfélög reka grunnskóla í sameiningu, sbr. 1. gr. 1. 63/1974 um grunnskóla. Skólanefnd, kjörin af sveitarstjórn, skal líta eftir, að skólar hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem kennslutæki, og sjá um í samráði við skólastjóra, sem menntamálaráðuneytið skipar eða setur og greiðir laun, að fullnægt sé kröfum í lögum og reglugerðum, og bera ábyrgð á, að viðhald fari fram, sbr. 17. gr., 19. gr., 30. gr. og 83. gr. grunnskóla laga. Skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla... undir yfirstjórn ... skólanefndar..., 1. ml. 1. mgr. 20. gr. grunnskóla laga. Honum ber í samráði við skólanefnd að sjá um, að uppfylltar séu kröfur í lögum og reglugerðum, að því er varðar allan nauðsynlegan aðbúnað skóla, svo sem kennslutæki, 6. gr. erindisbréfs nr. 197/1976. Endurnýjun kennslutækja er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt, 28. gr. grunnskóla laga. Viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar greiðist af sveitarfélögum, 79. gr. 1. 63/1974, sbr. 6. gr. 1. 94/1975. Dagleg umráð skólamanntvirkja ... skulu vera í höndum skólanefndar og skólastjóra, sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis, 1. mgr. 29. gr. grunnskóla laga. Menntamálaráðuneytið skipar eða setur kennara við grunnskóla og greiðir þeim laun, sbr. 32. gr., 76. gr. og 83. gr. grunnskóla laga.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, eru skyldur og ábyrgð ríkis og sveitarfélaga mjög samofnar varðandi rekstur grunnskóla, og engin glögg

ákvæði eru um skiptingu ábyrgðar á tjóni, sem menn verða fyrir í grunnskólum eða leiðir af rekstri þeirra. Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð samkvæmt reglum íslensks réttar um ábyrgð hins opinbera á skaðaverkum starfsmanna og fyrirvarsmanna sinna á tjóni, sem leiðir af ólögsmætu og saknæmu atferli þeirra, athöfnum og athafnaleysi. Eins og hinum óforvaranlegu atvikum, er varða stefndu og lýst er hér að framan, er háttað, þykir bera að telja stefndu bera ábyrgð á þeim gagnvart stefnanda að óskiptu samkvæmt ofanrituðu að því leyti, sem hann á skaðabótarétt.

Það verður að teljast skylda þeirra, er skóla reka, að sjá um, að viðhald skólahúsnæðis og búnaður allur sé með þeim hætti, að nemendum stafi eigi sérstök hættu af. Þegar þessa er gætt og ungs aldurs stefnanda, er slysið varð, þykir mega skipta ábyrgð þannig, að stefnandi beri þrjá fimmtu tjóns síns sjálfur, en að stefndu bæti það að tveimur fimmtu.

Höfuðstólskrafta stefnanda er um örorku- og miskabætur. Miskann metur stefnandi á 500.000 kr.

Björn Önundarson læknir mat örorku stefnanda þannig 4. júní 1986:

Frá slysdegi talið í þrjá mánuði	100%
eftir það í þrjá mánuði	50%
eftir það varanlega	15%

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur mat höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi þannig 20. október 1988:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	29.800
” varanlegrar örorku	”	1.679.400
	Samtals	kr. 1.709.200

Í útreikningi tryggingafræðingsins, dags. 29. júlí 1986, er varanleg örorka metin til 881.800 kr.

Mismunur á samanlögðum kröfum um bætur fyrir miska og fjártjón annars vegar og stefnufjárhæð hins vegar skýrist af því, að lögmaður stefnanda hefur ætlað fyrir hækkunum vegna endurútreiknings örorkutjóns undir rekstri málsins í héraði og, ef til kemur, í Hæstarétti.

Stefndu mótmæla kröfugerð stefnanda sem allt of hárrí og órökstuddri. Þeir telja, að virða beri til lækkunar, að ólíklegt sé, að hin læknisfræðilega örorka hafi skert aflahæfi stefnanda í þeim mæli, sem hlutfallstala örorkumatsins gerir ráð fyrir. Þeir telja miska falinn í örorkumati og þannig tvíkrafinn. Tekjutap á námstíma telja þeir ekkert hafa orðið, svo að tjónsfjárhæð beri að lækka með tilliti til þess, skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu. Af hálfu ríkisvaldsins er því haldið fram, að taka beri tillit til þess til lækkunar, að stefnandi hefur fengið 23. júní 1986 váttryggingar-

bætur, 88.652 kr, frá Brunabótafélagi Íslands á grundvelli váttryggingarsamnings stefnda Ölfushrepps um slysaftryggingu skólabarna.

Um vexti telja stefndu, að eðlilegast sé að reikna þá jafnháa og með sama hætti og gert er við ákvörðun örorkubótanna, en ekki sem dráttarvexti skv. vaxtalögum, þar sem slysið hafi orðið fyrir gildistöku laganna. Miskabótakröfu er mótmælt sérstaklega á þeim grundvelli, að fjárhæð hennar sé í ósamræmi við dómvenju. Af hálfu Ölfushrepps hefur verið lýst þeirri skoðun, að ef miða eigi miskabótakröfu við verðlag við dómsuppsögu, sé eðlilegast að dæma grunnvexti frá slysdagi. Loks er því haldið fram, að kröfugerð stefnanda feli í sér tvöfalda verðtryggingu.

Við munnlegan málflutning var bent á það af hálfu stefnanda, að örorkutjónsútreikningi sé svo háttað, að verðtrygging stöðvist á útreikningsdagi, og enn fremur, að váttryggingarsamningur sá, sem stefnandi hefur fengið greitt eftir, sé hvorki gerður samkvæmt lagaskyldu né samningsskyldu og að greiðsla samkvæmt honum eigi því ekki að koma til frádráttar.

Við ákvörðun bóta til stefnanda þykir bera að hafa hliðsjón af örorkumati og örorkutjónsútreikningum. Lita ber til hagræðis af eingreiðslu til lækkunar svo og til skattfrelsis bóta. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. váttryggingasamningalaga þykir ekki bera að draga frá bætur, sem stefnandi hefur fengið frá réttargæslustefnda. Stefndi Ölfushreppur virðist hafa staðið straum af iðgjaldagreiðslum, en hefur ekki séð ástæðu til að krefjast lækkunar af þessum sökum, og þykja þá ekki efni til að taka til úrlausnar, hvort taka eigi eitthvert tillit til þessarar greiðslu til lækkunar. Þegar þess er gætt, að sumarleyfi í grunnskóla hefjast í lok maí, en tryggingafræðingurinn gerir ráð fyrir 15 vikna vinnu á 16. aldursári, þykir við mat á fjárhagstjóni vegna tímabundinnar örorku verða að víkja nokkuð frá áætlun tryggingafræðingsins, en eftir atvikum þykir bera að ákvarða tjón vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku í einu lagi 900.000 kr. Með hliðsjón af því, að örorkumatið byggist á læknisfræðilegri örorku, þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 20.000 kr. Af þessum fjárhæðum ber stefndu að greiða stefnanda að óskiptu í samræmi við sakarskiptingu 368.000 kr. Samkvæmt 10. gr., 12. gr. og 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 og með hliðsjón af dómiðkun þykir mega fallast á vaxtakröfu stefnanda.

Allur gjafsóknarkostnaður, þar með talin málsóknarlaun talsmanns stefnanda, 175.000 kr., greiðist úr ríkissjóði. Stefndu greiði stefnanda að óskiptu 100.000 kr. í málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, menntamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið f.h. ríkissjóðs og hreppsnefnd Ölfushrepps f.h. sveitarsjóðs, greiði stefnanda,

Ragnari Waage Pálmasyni, að óskiptu 368.000 kr. með 24% ársvöxtum frá 11. mars 1985 til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1987, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1987, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí 1987, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1987, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1987, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1988, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní 1988, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 21. ágúst 1988, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október 1988, en með dráttarvöxtum, eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 10. gr. l. 25/1987, og 100.000 kr. í málskostnað.

Allur gjafsóknarkostnaður, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Guðnýjar Höskuldsdóttur hrl., 175.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

---